

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2001/EES/26/31

frá 21. desember 1998

um að stuðla að dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi(*)

(1999/51/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 127. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með sáttmálanum er bandalaginu falið það verkefni að koma í framkvæmd starfsmenntunarstefnu sem styður við og kemur til viðbótar aðgerðum aðildarríkja jafnframt því að virða að fullu ábyrgð þeirra á þessu sviði, einkum með því að stuðla að hreyfanleika fólks í starfsþjálfun, án þess þó að stefnt sé að samræmingu laga eða reglugerða aðildarríkjanna.
- 2) Með ákvörðun sinni 63/266/EBE ⁽⁴⁾ samþykkti ráðið meginreglur og setti sér ýmis grundvallarmarkmið sem miða að framkvæmd sameiginlegrar starfsmenntunarstefnu. Með ákvörðun 94/819/EB ⁽⁵⁾ samþykkti ráðið Leonardo da Vinci-áætlunina um framkvæmd starfsmenntunarstefnu Evrópubandalagsins.

- 3) Leiðtoga ráðið, sem kom saman í Flórens, fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún kannaði þátt náms á námssamningi í atvinnusköpun. Í orðsendingu sinni „Efling starfsþjálfunar á námssamningi í Evrópu“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á mikilvægi náms á námssamningi.

- 4) Í ályktun ráðsins frá 18. desember 1979 um náms-tengd störf fyrir ungt fólk ⁽⁶⁾ er mælt með því að aðildarríki hvetji til þess að starfsþjálfun sé tengd starfsreynslu með skilvirkum hætti.

- 5) Með ályktun ráðsins frá 15. júlí 1996 ⁽⁷⁾ er skorað á aðildarríkin að stuðla að gagnsæi starfsþjálfunarskírteina.

- 6) Í niðurstöðunum, sem ráðið samþykkti 6. maí 1996 um hvítbók framkvæmdastjórnarinnar „Kennsla og nám: leiðin til þekkingarsamfélagsins“ ⁽⁸⁾, er lögð áhersla á nauðsyn samvinnu milli skóla og atvinnulífs. Í viðmiðunarreglunum um atvinnumál frá árinu 1998 ⁽⁹⁾ og í viðmiðunarreglunum um atvinnumál frá árinu 1999 er þess farið á leit við aðildarríkin að þau bæti atvinnuhorfur ungmenna með því að veita þeim þjálfun í samræmi við þarfir markaðarins. Í því samhengi hvatti ráðið aðildarríkin til að koma á fót eða byggja upp starfsþjálfun á námssamningi þar sem það ætti við.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 45, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 36/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 67, 3. 3. 1998, bls. 7.

⁽²⁾ Álit var skilað 29. apríl 1998 (Stjtið. EB C 214, 10. 7. 1998, bls. 63).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 30. apríl 1998 (Stjtið. EB C 152, 18. 5. 1998, bls. 48), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júní 1998 (Stjtið. EB C 262, 19. 8. 1998, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. nóvember 1998 (Stjtið. EB C 359, 23. 11. 1998).

⁽⁴⁾ Stjtið EB 63, 20. 4. 1963, bls. 1338/63.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 340, 29. 12. 1994, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 1, 3. 1. 1980, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 224, 1. 8. 1996, bls. 7.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 195, 6. 7. 1996, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB C 30, 28. 1. 1998, bls. 1.

- 7) Starfsmenntaskólar og fyrirtæki atvinnulífsins geta, hver með sínum hætti, verið vettvangur fyrir fólk til að afla sér almennrar, tæknilegrar, félagslegrar og persónulegrar þekkingar og færni. Starfstengd þjálfun, að meðtöldum námssamningi, á stóran þátt í árangursríkri aðlögun fólks, í félagslegu og atvinnulegu tilliti, að atvinnu og vinnumarkaði. Hún getur komið ýmsum markhópum að gagni og nýst vel á ýmsum stigum kennslu og þjálfunar, þar með talið á stigi æðri menntunar.
- 8) Í ályktun ráðsins frá 5. desember 1994 ⁽¹⁾, um gæði og aðdráttarafl starfsmenntunar og starfsþjálfunar, er lögð áhersla á mikilvægi starfstengdrar þjálfunar, að þörf sé á því að hvetja til dvalar í öðrum aðildarríkjum um ákveðinn tíma við starfsþjálfun og að fella beri slíka námsdvöl inn í starfsmenntaáætlanir einstakra aðildarríkja.
- 9) Í því skyni að stuðla að þessum hreyfanleika er æskilegt að útbúið verði skjal, svonefnt „Evrópskt starfsmenntavegabréf“ (EUROPASS Training), til að skrá á vettvangi bandalagsins slíka dvöl eða dvalir við starfsþjálfun í öðru aðildarríki.
- 10) Mikilvægt er að tryggja að vel takist til með slíkar dvalir í öðrum löndum. Aðildarríkin bera sérstaka ábyrgð á þessu sviði. Framkvæmdastjórninni ber, í nánú samstarfi við aðildarríkin, að taka upp aðferð við að skiptast á upplýsingum og samhæfa aðgerðir og ráðstafanir sem aðildarríkin þróa til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd.
- 11) Leiðtogaráðið viðurkenndi, á aukafundi sínum um atvinnumál, að lítill og meðalstór fyrirtæki gegndu ótvíræðu hlutverki við sköpun varanlegra starfa.
- 12) tarfstengd þjálfun, að meðtöldu námi á námssamningi, í örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og handverksfyrirtækjum, á mikilsverðan þátt í því að gera fólk gjaldgengt á vinnumarkaði. Taka ber tillit til sérþarfa fyrirtækja á þessu sviði.
- 13) Upplýsa ber lærlinga með tilhlýðilegum hætti um viðeigandi ákvæði sem eru í gildi í gistiríkinu.
- 14) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennt mikilvægi þess að berjast gegn hvers kyns misrétti, einkum misrétti á grundvelli kynferðis, litarháttar, kynþáttar, skoðana eða trúar.
- 15) Í tilmælum ráðsins frá 30. júní 1993 um aðgang að stöðugri starfsmenntun ⁽²⁾ er hvatt til aukins aðgangs og skilvirkrar þátttöku kvenna í stöðugri starfsmenntun. Þess vegna er mikilvægt að nægilega sé hugað að því að jafna tækifæri til þátttöku í áætluninni um dvöl í öðru Evrópulandi og grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni.
- 16) Framkvæmdastjórninni ber að tryggja, í samstarfi við aðildarríkin, að heildarsamræmi sé milli framkvæmdar þessarar ákvörðunar og áætlana bandalagsins og framtaksverkefna á sviði menntamála, starfsmenntunar og æskulýðsmála.
- 17) Nauðsynlegt er að tryggja stöðugt eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar. Framkvæmdastjórnin er því hvött til að leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina og til að setja fram þær tillögur sem nauðsynlegar þykja varðandi framtíðina.
- 18) Þremur árum eftir samþykkt þessarar ákvörðunar skulu áhrif hennar og reynslan af henni metin þannig að unnt sé að samþykkja ráðstafanir til úrbóta ef þurfa þykir.
- 19) Í þessari ákvörðun er að finna fjárhagsviðmiðun í skilningi 2. liðar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, en með henni á að greiða fyrir tilkomu starfsmenntavegabréfanna en þetta hefur þó ekki áhrif á valdsvið fjárveitingavaldsins eins og það er skilgreint í sáttmálanum. Fjárstuðningur bandalagsins er bundinn við upphafstímabil sem hefst 1. janúar 2000 og stendur til 31. desember 2004.
- 20) Samkvæmt dreifræðisreglunni og hlutfallsreglunni, sem fjallað er um í 3. gr. b í sáttmálanum, verður markmiðum fyrirhugaðra „Evrópskra starfsmenntavegabréfa“ einungis náð með samræmdum aðgerðum á vettvangi bandalagsins vegna fjölbreytilegs fyrirkomulags starfsmenntunar í aðildarríkjunum. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 374, 30. 12. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 23. 7. 1993, bls. 37.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Með þessari ákvörðun er innleitt skjal, nefnt „Evrópskt starfsmenntavegabréf“, á grundvelli þeirra sameiginlegra meginreglna sem tilgreindar eru í 3. gr. Það er hugsað sem skrá, á vettvangi bandalagsins, yfir það eða þau tímabil námsdvalar sem einstaklingur í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi, hefur dvalist í öðru aðildarríki en því þar sem hann hlýtur verklega þjálfun (svonefnd „dvöl í öðru Evrópulandi“).

2. Notkun þessarar skrár og þátttaka í „dvöl í öðru Evrópulandi“ er valfrjálsg og leggur hvorki kvaðir á þátttakendur né veitir þeim nein réttindi önnur en þau sem skilgreind eru hér á eftir.

2. gr.

Skilgreiningar

Að teknu tilliti til mismunar milli kerfa og fyrirkomulags starfstengdrar þjálfunar að meðtöldum námssamningi í aðildarríkjunum er merking eftirfarandi hugtaka í þessari ákvörðun sem hér segir:

1. „dvöl í öðru Evrópulandi“: sérhver námsdvöl sem er hluti starfsþjálfunar sem einstaklingur lýkur í öðru aðildarríki (gistiríki) en því þar sem hann hlýtur starfstengda þjálfun (upprunaaðildarríkinu) og þar sem samkomulag ríkir um að nota Evrópska starfsmenntavegabréfið;
2. „einstaklingur í starfstengdri þjálfun“: einstaklingur sem hlýtur starfsþjálfun, án tillits til aldurs eða skólastigs, þar á meðal á stigi æðri menntunar. Þessi starfsmenntun, viðurkennd eða vottuð af lögbærum yfirvöldum í upprunaaðildarríkinu, í samræmi við lög þess, reglur og starfsvenjur, felur í sér skipulögð tímabil þjálfunar innan fyrirtækis og, eftir því sem við á, í starfsmenntaskólum eða -miðstöðvum, hver sem staða einstaklingsins kann að vera (hvort sem hann er á ráðningarsamningi eða námssamningi, nemi eða stúdent);
3. „leiðbeinandi“: einstaklingur hjá vinnuveitanda, hvort heldur einkafyrirtæki, opinberu fyrirtæki, starfsmenntaskóla eða -miðstöð í gistiríkinu, sem hefur það starf með höndum að aðstoða, upplýsa, leiðbeina og fylgjast með lærlingum meðan á dvöl þeirra í öðru Evrópulandi stendur;
4. „Evrópskt starfsmenntavegabréf“: skjal sem staðfestir að handhafi þess hafi lokið einni dvöl eða fleiri við starfstengda þjálfun að meðtöldum námssamningi, í öðru aðildarríki, með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í þessari ákvörðun.

5. „gístiaðili“: aðili í gistiríkinu, (m.a. einkafyrirtæki, opinbert fyrirtæki, starfsmenntaskóli eða -miðstöð) sem hefur hafið samstarf við þann aðila sem ábyrgð ber á starfsþjálfun í upprunaaðildarríkinu, vegna dvalar í öðru Evrópulandi.

3. gr.

Inntak og sameiginlegar meginreglur

Eftirtalin skilyrði skulu gilda um Evrópska starfsmenntavegabréfið:

1. sérhver dvöl í öðru Evrópulandi skal vera hluti af þeirri starfsþjálfun, sem stunduð er í upprunaaðildarríkinu, í samræmi við lög þess, reglur og starfsvenjur;
2. sá aðili, sem skipuleggur starfsþjálfunina í upprunaaðildarríkinu og gístiaðilinn, skulu, innan ramma samstarfsins, koma sér saman um inntak, markmið, lengd og hagnýt atriði varðandi dvöl í öðru Evrópulandi;
3. námsdvöl í öðru Evrópulandi skal vera undir eftirliti og í umsjón leiðbeinanda.

4. gr.

Evrópska starfsmenntavegabréfið

1. Sá aðili, sem sér um að skipuleggja starfsþjálfun í upprunaaðildarríkinu, skal gefa út handa öllum einstaklingum, sem ljúka námsdvöl í öðru Evrópulandi, upplýsingaskjal bandalagsins, svonefnt „Evrópskt starfsmenntavegabréf“, sem er lýst í viðaukanum að því er varðar inntak og framsetningu.
2. Í Evrópska starfsmenntavegabréfinu skal:
 - a) tilgreina þá starfsþjálfun sem dvöl í öðru Evrópulandi er hluti af, þá menntun og hæfi, prófskírteini, starfsheiti eða önnur skírteini, sem aflað er með slíkri þjálfun;
 - b) mæla svo fyrir að dvöl í öðru Evrópulandi skuli vera þáttur í þeirri starfsþjálfun sem stunduð er í upprunarríkinu, í samræmi við lög þess, reglur og starfsvenjur;
 - c) skilgreina inntak dvalar í öðru Evrópulandi og gefa upp helstu upplýsingar um þá starfsreynslu og þjálfun sem aflað er meðan á dvölinni stendur og, þar sem við á, um þá færni sem neminn hefur öðlast og hvernig námsmat fer fram;
 - d) tilgreina lengd dvalar í öðru Evrópulandi sem gístiaðili skipuleggur meðan á starfsreynslu eða -þjálfun stendur;
 - e) geta gístiaðilans;
 - f) tilgreina starfssvið leiðbeinanda;
 - g) vera gefið út af þeirri stofnun sem ber ábyrgð á skipulagningu starfsþjálfunarinnar í upprunarríkinu. Í því skal, fyrir sérhverja dvöl í öðru Evrópulandi, vera skrá, sem

er óaðskiljanlegur hluti af Evrópska starfsmennta-vegabréfinu, þar sem gístiaðillinn færir inn upplýsingar og er undirrituð af honum og handhafa.

5. gr.

Samræmi og fylling

Framkvæmdastjórninni ber, með tilhlýðilegu tilliti til sérstakra aðferða og úrræða, sem við eiga um áætlanir bandalagsins og framtaksverkefni á sviði menntamála og starfsmenntunar og í samstarfi við aðildarríkin, að tryggja að heildarsamræmi sé milli framkvæmdar þessarar ákvörðunar og framangreindra áætlana og verkefna.

6. gr.

Stuðningsaðgerðir og hliðarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á gerð, viðeigandi dreifingu og eftirliti með Evrópska starfsmennta-vegabréfinu í náninni samvinnu við aðildarríkin. Í þessu skyni skal hvert aðildarríki tilnefna eina stofnun eða fleiri sem beri ábyrgð á framkvæmd þessara ráðstafana á landsvísu, í náninni samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og, þar sem við á, við samtök aðila sem eru í forsvari fyrir uppbyggingu nemaskiptanna.

2. Í því skyni skal hvert aðildarríki gera ráðstafanir til að:
- auðvelda aðgang að Evrópska starfsmennta-vegabréfinu með því að dreifa viðeigandi upplýsingum;
 - hægt sé að meta aðgerðirnar sem gripið hefur verið til og
 - greiða fyrir jöfnun tækifæra, einkum með því að efla vitund allra hlutaðeigandi aðila um gildi þeirra.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í nánun samstarfi við aðildarríkin, koma á fót samræmingar- og upplýsingakerfi.

4. Við framkvæmd ákvæða þessarar ákvörðunar skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin taka tillit til mikilvægis lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja og til sérstakra þarfa þeirra.

7. gr.

Fjármögnun

Fjárhagsviðmiðunin fyrir framkvæmd 1., 3. og 4. mgr. 6. gr. er 7,3 milljón eður á tímabilinu 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga-valsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

8. gr.

Þessi ákvörðun kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

9. gr.

Mat

Premur árum eftir samþykkt þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd hennar, meta áhrif hennar á eflingu hreyf-
anleika fólks í starfstengdri þjálfun að meðtöldum náms-
samningi, setja fram tillögur um ráðstafanir til úrbóta til
þess að gera ákvörðunina skilvirkari og setja fram þær
tillögur sem þurfa þykir, þar með taldar tillögur um fjár-
veitingar.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARTENSTEIN

forseti.

VIÐAUKI

„EVROPSKT STARFSMENNTAVEGABRÉF“

Lýsing á skjalinu

Skjalið er í formi bæklingis í A5 stærð.

Það er 12 síður að lengd auk kápu.

Framan á kápu skulu vera:

- orðin „Evrópskt starfsmenntavegabréf“,
- kennimerki Evrópubandalagsins.

Innan á fremri hlið kápunnar skal vera:

Almenn lýsing á „Evrópska starfsmenntavegabréfinu“ (á því tungumáli sem notað var við starfsþjálfunina í uppruna-aðildarríkinu).

„Þessu upplýsingaskjali bandalagsins, sem nefnist „Evrópskt starfsmenntavegabréf“, var komið á í samræmi við ákvörðun 1999/51/EB um að hrinda í framkvæmd dvöl í öðru Evrópulandi sem lið í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi (Stjtið. EB L 17, 22. 1. 1999, bls. 45). Það er hugsað sem skrá bandalagsins yfir þá námsdvöl eða -dvalir sem einstaklingur í starfstengdri þjálfun, að meðtöldum námssamningi, hefur dvalist í öðru aðildarríki en því þar sem hann stundar verklegt nám.

Það er gefið út af ... (nafn aðila sem ber ábyrgð á skipulagningu starfsnámsins í upprunaaðildarríkinu).

(Dagsetning og undirskrift)“

Síða 1 (á tungumáli stofnunarinnar sem sendi nemann)

Upplýsingar um handhafa:

- kenninafn,
- eignarnafn,
- undirskrift.

Allar fyrirsagnir verða birtar innan á aftari hlið kápunnar á öllum öðrum opinberum tungumálum stofnana Evrópusambandsins.

Síða 2 (á tungumáli gístiaðila):

1. dvöl í öðru Evrópulandi

- a) starfsþjálfun sem fór fram;
- b) þessi dvöl í öðru Evrópulandi er hluti af þeirri starfsþjálfun sem stunduð er í upprunaaðildarríkinu;
- c) inntak dvalar í öðru Evrópulandi og helstu upplýsingar um þá starfsreynslu og -þjálfun sem aflað er meðan á dvölinni stendur og, þar sem við á, um þá færni sem neminn hefur öðlast og hvernig námsmat fer fram;
- d) lengd dvalarinnar;
- e) upplýsingar um gístiaðilann;
- f) nafn og starfssvið leiðbeinanda;
- g) undirskrift gístiaðila og handhafa.

Síða 3 (á tungumáli stofnunarinnar sem sendi nemann):

1. dvöl í öðru Evrópulandi

Sömu upplýsingar og á síðu 2, á tungumáli stofnunarinnar sem sendi nemann.

Síða 4 (á tungumáli handhafa):

1. dvöl í öðru Evrópulandi

Sömu upplýsingar og á síðu 2, á tungumáli handhafa ef um annað tungumál er að ræða en það sem er notað á síðu 1 og 2 og að því tilskildu að það sé meðal opinberra tungumála stofnana Evrópusambandsins.

Síður 5, 6 og 7:

2. dvöl í öðru Evrópulandi (ef við á)

Síður 8, 9 og 10:

3. dvöl í öðru Evrópulandi (ef við á)
